



# Jóla-Blær

## Fréttabréf Vináttu desember 2022



### Vináttu í desember

Þá er desember kominn með öllu sem hann hefur upp á að bjóða. Auglýsingabæklingar berast í hrúgum inn um lúgurnar og endalaust af auglýsingum á samfélagsmiðlum minna okkur á hversu mikilvægt er að kaupa hitt og þetta svo jólin verði örugglega góð, eða að þau komi yfir höfuð. Allt virðist velta á..... [Lesu meira](#)



### Málþing gegn einelti

Þann 3. nóvember síðastliðinn héldu Barnaheill glæsilegt málþing gegn einelti á Grand hótél í Reykjavík. Á málþinginu voru fjölbreytt erindi sem gefa heildstæða mynd af málaflokknum og pallborðsumræður voru í lokin. [Nánar um málþingið.](#)

### Skólaheimsóknir – Álfaheiði

Í haust hófust reglulegar heimsóknir í leik- og grunnskóla sem og frístundaheimili sem vinna með Vináttu. Tilgangur heimsóknanna er að styðja við þá skóla og frístundaheimili sem vinna nú þegar með efnið, veita ráðgjöf og læra í leiðinni meira um hvernig hægt er að útfæra og vinna með námsefnið á fjölbreyttan máta. Að þessu sinni heimsóttum við leikskólann Álfaheiði í Kópavogi ..... [Lesu meira](#)




### Jóla-Blær – Ýmislegt föndur

Á vefsíðu Barnaheilla eru margar skemmtilegar hugmyndir af jólaföndri með Blæ. Að sjálfsögðu er Blær þar í aðalhlutverki. Sjá nánar [hér](#).



### Vináttugildin um jólin

Gildi Vináttu eiga alltaf við, líka í kringum aðventuna og jólin. Hér koma tillögur að því hvernig hægt er að vinna með gildin á þessum annasama og viðburðaríka tíma ársins. [Nánar um gildin](#)





# Jóla-Blær

## Fréttabréf Vináttu desember 2022



### Kennsluhugmyndir

Við segjum oft að það er ekki hægt að klúðra því að vinna með *Vináttu*. Eina klúðrið sem hægt er að gera er að láta *Vináttutöskurnar* rykfalla uppi í hillu ónotaðar! Gott er að prófa sig áfram með námsefnið og í kennsluheftunum eru fjölmargar hugmyndir um hvernig hægt er að vinna með námsefnið. Við setjum samt hér fram tillögur af kennslustundum með *Vináttu* fyrir hvert aldursstig. Ykkur er hjartanlega velkomið að nýta ykkur þessar hugmyndir og útfæra eins og hentar best við ykkar aðstæður.

[Vináttustund I fyrir 0-3ja ára](#)

[Vináttustund I fyrir 3ja-6 ára](#)

[Vináttustund I fyrir 1.-4. bekk](#)

### Næstu námskeið

Nýtt ár hefst með nýjum námskeiðum og bjóðum við upp á eftirfarandi námskeið:

- **Grunnnámskeið:** 7 klst námskeið þar sem farið er yfir bæði hugmyndafræði verkefnisins og kynning á öllu námsefninu. Bæði er boðið upp á staðnámskeið á skrifstofu samtakanna sem og fjarnámskeið.
- **Námskeið í skólum:** Við komum í skóla með námskeið fyrir allt starfsfólkið.
- **2ja tíma kynning:** Í þeim skólum sem nú þegar vinna með *Vináttu* bjóðum við upp á styttri kynningar á verkefninu þar sem lögð er áhersla á hagnýta þætti verkefnisins.
- **Kynning f foreldra:** Á foreldrakynningum fá foreldrar ráðleggingar um hvernig þeir geta

stuðlað að góðum samskiptum í barnahópum sem þeirra börn tilheyra.

Nánari upplýsingar um námskeiðin og aðra fræðslu er [hér](#) og fyrirspurnir sendist á [vinatta@barnaheill.is](mailto:vinatta@barnaheill.is)

### Hvernig geymið þið Blæ og litlu bangsana?

Þessa spurningu fáum við margoft og er auk þess mikið rætt á námskeiðum og kynningum. Veggpláss er víða af skorum skammti og oft þarf heilmikla útsjónarsemi til að gefa böngsunum verðugan sess. Þið megið gjarnan senda okkur myndir af húsakynnum bangsanna á ykkar deild í gegnum [vinatta@barnaheill.is](mailto:vinatta@barnaheill.is)

Gleðileg jól,  
takka fyrir  
samstarfið á  
árinu



### Viltu vera Heillavinur?

Barnaheill eru frjáls félagasamtök sem rekin eru af frjálsum framlögum og styrkjum. Þú getur styrkt starf samtakanna með því að [gerast Heillavinur](#).